

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Ólafs hreppstjóra Finnssonar frá Fellsenda og konu hans Guðrúnar Tómasdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af eftirlátnum eignum Finns Ólafssonar heildsala í Reykjavík til minningar um látna foreldra hans, Ólaf og Guðrúnu. Meðal annarra eigna db. Finns er hlutafé í hf. Hvalur og jarðirnar Fellsendi og Svarfhóll í Miðdölum. Skal jörðin Fellsendi vera ævinlega í eign sjóðsins. Hlutafé í hf. Hvalur verður óseld eign sjóðsins fyrst um sinn, undir umráðum sjóðsstjórnar.

3. gr.

Peningaeign sjóðsins skal geymast og ávaxtast í Landsbanka Íslands, eða á vegum hans, þar til sjóðurinn hefur starfsemi sína samkv. 4. gr. og má ekki skerða höfuðstólinn eða vexti til þess tíma.

4. gr.

Sjóðnum skal varið til þess að reisa og reka elli- og hjúkrunarheimili fyrir Dalasýslu. Forgöngu til vistar á heimilinu hafa gamalmenni úr Suðurdölum (Hörðudals-, Miðdala- og Haukadalshreppum) og síðar aðrir íbúar Dalasýslu eftir því, sem rúm leyfir.

Þegar sýnt þykir að sjóðurinn ásamt öðrum framlögum, er honum kunna að berast, er orðinn það efnum búinn að honum er fært að reisa hús yfir vistmenn og starfsfólk heimilisins og getur staðið undir nauðsynlegum rekstrarkostnaði, skal hafist handa um að reisa þetta dvalarheimili gamalmenna. Skal reisa það í landi jarðarinnar Fellsenda, þar sem hagfelldast þykir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum: Einum kosnum af framkvæmdastjórum viðskiptabanka Landsbanka Íslands, sýslumanni Dalasýslu, heilsugæslulækni í Búðardalslæknishéraði, viðkomandi sóknarpresti og hreppsnefndaroddvita Miðdalahrepps. Endurskoðendur tvo velur héraðsnefnd Dalasýslu.

6. gr.

Árlega skal gera reikning yfir hag sjóðsins og leggja fram endurskoðaðan fyrir aðalfund stjórnar ár hvert.

7. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Jafnframt er úr gildi felld skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands, 3. júní 1960, nr. 97/1960.

Búðardal, 2. mars 1989.

Pétur Þorsteinsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. apríl 1989.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.